

Reykjavík, 6. nóvember 2013.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um mótun stefnu í gjaldmiðilsmálum (7. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í sér að ríkisstjórnin móti stefnu til framtíðar í gjaldmiðilsmálum.*


Heilt yfir tekur Viðskiptaráð undir með flutningsmönnum tillögunnar um mikilvægi þessa máls. Þrátt fyrir að krónan endurspegli að miklu leyti undirliggjandi umsvif í þjóðarbúskapnum þá getur sjálfstæð peningastefna og sveigjanlegt gengi verið í sjálfu sér uppspretta sveiflna fremur en tæki til að jafna sveiflur.<sup>1</sup> Hvað það varðar hefur m.a. komið fram í riti Seðlabankans að rekja megi allt að 40% verðlagsþróunar hér á landi til gengissveiflna íslensku krónunar.<sup>2</sup>

Það er því full ástæða til að leita annarra leiða í gjaldmiðilsmálum til lengri tíma. Staða peningamála er ein af lykilástæðum þess að Viðskiptaráð hefur talað fyrir því að samningaferli vegna aðildarumsóknar að ESB verði klárað og málið til lykta leitt með þjóðaratkvæðagreiðslu.<sup>3</sup> Með því að staðnæmast í miðri á er verið að loka á mikilvægan valkost í þessum málum. Í ljósi umræðunnar er rétt að ítreka að upptaka evru með aðild að ESB er engin töfralausn heldur fylgja því bæði kostir og gallar. Hins vegar eru efnahagslegir kostir þeirrar leiðar fyrir atvinnulíf og almenning ótvíræðir samanborið við kosti óbreytts ástands með íslensku krónuna. Það hversu umfangsmikil áhrif gallar evrunnar eru samanborið við krónuna veltur á því hvernig innlendri hagstjórn verður háttáð til lengri tíma.

Í öllu falli skiptir verulegu máli fyrir samkeppnishæfni atvinnulífs og lífskjör heimila í landinu að unnið verði að skýrri framtíðarsýn í gjaldmiðilsmálum. Það er ótækt að una við óbreytt ástand og vona það besta. Að sama skapi eru hringlandaháttur um valkosti – allt frá einhliða upptöku annars gjaldmiðils til nýs peningakerfis – til þess fallinn að skapa óþarfa efnahagslega óvissu. Mótun rökstuddrar stefnu af því tagi sem hér er lagt til myndi stuðla að upplýstri umræðu og ákvarðanatöku í þessu mikilvæga viðfangsefni.

*Viðskiptaráð leggur til að tillagan verði samþykkt.*

Virðingarfyllst,



Haraldur I. Birgisson  
Aðstoðarframkvæmdastjóri  
Viðskiptaráð Íslands

<sup>1</sup> Sjá m.a. [Seðlabanki Íslands, Valkostir Íslands í gjaldmiðils- og gengismálum, 2012.](#)

<sup>2</sup> [Working paper: Inflation Control Around the World, 2009.](#)

<sup>3</sup> Sjá jafnframt [bréf ASÍ, SA og VÍ vegna úttektar á aðildarviðræðum við ESB.](#)